

## Landsyfirrættardómar 1911.

---

Mánudaginn 19. dag janúarmán.

Nr. 10/1910: Ráðherra Íslands fyrir hönd  
Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs  
gegn  
Guðmundi Guðmundssyni.

### D ó m u r :

Ráðherra Íslands hefir fyrir hönd Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs skotið til yfirdómsins úrskurði, uppkveðnum 30. nóvbr. 1909 í fógetarétti Snefellsness- og Hnappadalssýslu á þá leið, að lögtak verði ekki framkvæmt hjá stefnda, Guðmundi bónda Guðmundssyni í Gvendareyjum í Skógarstrandarhreppi, fyrir landskuld af nefndri jörð, fardagaárið 1907—1908, kr. 60,90. Hefir þess verið krafist fyrir hönd áfrýjanda, að úrskurður þessi verði feldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma lögtakið, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað eftir réttarins mati. Af hálfu stefnda er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Stefndi byrjaði árið 1886 búskap á Gvendareyjum,

sem var landssjóðseign í Arnarstapa- og Sógarstrandarumboði, og bjó þar sem leiguliði samfleytt til fardaga 1908, en þá keypti hann jörðina af landssjóði. Samkvæmt byggingarbréfi sínu átti stefndi að gjalda ár hvert fyrir fardaga í landskuld af jörðinni 105 áln. á landsvísu, en fyrir fardaga 1908 galt hann enga landskuld og neitaði að gjalda, er umboðsmaður krafði hann; hélt hann því fram, að hann frá öndverðu, er hann tók ábúð á Gvendareyjum og eftir það árlega, hefði galdið landskuld fyrirfram, og hefði hann því sumarið 1907 greitt landskuld fyrir fardagaárið 1907—1908, og félst fógetinn í hinum áfrýjaða úrskurði á þessa skoðun stefnda.

Máli sínu til sönnunar hefir stefndi talið það, að sú venja sé gömul og algeng um eyjarðir í Skógarstrandarhreppi, að landskuld af þeim sé goldin fyrirfram á ári hverju, og að kvittun umboðsmanns í afgjaldsbók stefnda fyrir jarðarskuldum af Gvendareyjum sýni, að hann hafi galdið landskuld af jörðinni 1886, en með því hann hafi flutt á jörðina það ár í fardögum, hljóti þetta að vera fyrirfram greiðsla fyrir fardagaárið 1886—1887, en síðan hafi ekkert ár fallið úr, og síðast hafi hann greitt landskuld sumarið 1907 fyrir fardagaárið 1907—1908.

Það er nú eigi sannað, að nein slík venja, sem stefndi ber fyrir sig, hafi átt sér stað í Skógarstrandarhreppi, að því er umboðsjarðir snertir. Með vitnisburðum, er stefndi hefir fengið, verður eigi frekar talið sannað en það, að landskuldargreiðsla fyrirfram sé gömul venja á varpörðum, er landskuld er goldin eftir í dún. En skýrslur málsins, sem eigi hefir verið hnekt, sýna það, að landskuld af umboðsjörðum er ávalt goldin eftir meðalverði verðlagsskrár, og svo var um Gvendareyjar áður

en stefndi keypti þær, og í 2 síðustu byggingarbréfum fyrir þessari jörð er ekkert ákvæði um, að landskuld skuli greidd fyrirfram. Verður því að gjöra ráð fyrir, að landskuld af henni hafi átt að greiðast eftirá fyrir umliðið fardagaár, eins og almenn landsvenja er til. En þá verður næsta spurning, hvort stefndi þrátt fyrir það hafi galdið fyrirfram landskuldir af nefndri jörð þau ár, sem hann bjó þar.

Þegar stefndi flutti að Gvendareyjum, í fardögum 1886, bjó þar ekkja Þorbjarnar Helgasonar, Jóhanna Jónsdóttir í lífstíðarbyggingu manns síns. Að sögn stefnda fekk hann  $\frac{1}{4}$  part jarðarinnar bygðan sér af ekkjunni, en hún dó 9. júlí þá um sumarið, og tók stefndi þá alla jörðina til ábúðar. Um sumarið — hvort það var fyrir eða eftir lát ekkjunnar, er ekki nægilega upplýst — galt stefndi landskuld af jörðinni, 100 ál. á landsvísu eftir meðalverði, eða 60 kr. í peningum, samkvæmt byggingarbréfi ekkjunnar, en því er haldið fram af hálfu áfryjanda, að þetta gjald hafi verið fyrir fardagaárið 1885—86, og hafi stefndi annast greiðsluna fyrir ekkjuna, og áfryjandi neitar því, að neinir samningar hafi gerst milli umboðsmanns og stefnda um ábúðina fardagaárið 1886—87. En frá fardögum 1887 fekk stefndi byggingarbréf fyrir jörðinni, dags. 1. júlí það ár, og var þar gjörð sú breyting á leigumálanum, að landskuldin var færð upp um 5 ál., í 105 ál. Í marzmán. 1889 sendi umboðsmaður stefnda afgjaldsbók, þar er hann hafði innfært gjöld þau, er stefndi þá hafði galdið eftir jörðina, og er fyrst talin landskuld 1886, 100 ál., en 1887 og þar eftir 105 ál. árlega.

Jafnvel þótt fallast megi á þá skoðun áfryjanda, að

innfærsla umboðsmannsins í afgangsbókina fyrir árið 1886 sé eigi nægileg sönnun fyrir því, að hann hafi talið stefnda ábúanda á jörðinni fardagaárið 1886—87, og landskuldina greidda fyrir það ár, því að í bókum umboðsins er ekkja Þorbjarnar Helgasonar talin ábúandi þetta fardagaár, þá horfir landskuldagreiðsla stefnda í fardögum 1887 öðruvísi við. Hann greiddi þá 105 ál. sem fyr segir, og með því að engir samningar að sögn áfryjanda höfðu orðið milli stefnda og áfryjanda um ábúðina árið 1886—87, verður að álita, að þetta gjald hafi verið greitt samkvæmt byggingarbréfi stefnda og því fyrir fardagaárið 1887—1888, eða með öðrum orðum verið fyrirfram greiðsla, og með því að stefndi eftir það galt landskuld á hverju ári, verður að telja allar greiðslurnar síðan 1887 fyrirfram greiðslur, og þá landskuldina 1907 goldna fyrir fardagaárið 1907—1908. Það atriði aftur á móti, hvort landskuldin 1886 hafi verið greidd fyrirfram fyrir ábúð stefnda árið 1886—1887, eða eftirá fyrir ábúð Jóhönnu Jónsdóttur 1885—1886, þannig að stefndi eigi ógoldna landskuld fyrir fyrsta ábúðarár sitt á jörðinni, getur eigi komið til álita í þessu máli, með því að landskuldar fyrir það ár er ekki krafist, enda er lögtaksréttur á henni löngu fallinn niður.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu álízt hafa greitt landskuld af Gvendareyjum fardagaárið 1907—1908, var það rétt, að fógetinn neitaði að taka þetta gjald lögtaki, og ber því að staðfesta hinn áfryjaða úrskurð.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 55/1910:

Jón alþingismaður Ólafsson  
 gegn  
 Birni ráðherra Jónssyni.

D ó m u r:

Í meiðyrðamáli, er stefndi, Björn Jónsson ráðherra, höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfryjand-  
 anum, alþingismanni Jóni Ólafssyni, út af grein með  
 yfirskriftinni »Vitfyrting ráðherrans«, er út kom 26.  
 nóvbr. 1909 í blaðinu Reykjavík, er stefndi þá var  
 ábyrgðarmaður að, gekk dómur í téðum rétti 12. maí f.  
 á. á þá leið, að nefnd grein — allir kaflar hennar með  
 yfirskriftinni — var dæmd dauð og ómerk, og áfryjand-  
 inn, samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869,  
 dæmdur til að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs eða sæta  
 til vara 30 daga einföldu fangelsi. Svo var og áfryjand-  
 inn dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 krónur.  
 Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með  
 stefnu útgefni 4. okt. f. á., og krafist þess, að hinum  
 áfryjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, aðallega að  
 frávisunarkrafa hans fyrir undirrétti verði tekin til greina,  
 og til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og til þraut-  
 vara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð að miklum mun,